


Könnun meðal NPA notenda í Reykjavík

20 af 27 notendum 2023 tóku þátt í viðtali


Markmið: Heyra upplifun notenda af þjónustunni og greina hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.

Viðtölin voru framkvæmd á tímabilinu mars - júlí 2023.


Umsýsla




Kyn




Miðstöð





Hvenær fékkst þú NPA?




Ert þú með aðstoðarverkstjórn?



Mætir sá stuðningur sem þú færð þörfum þínum?




segja stuðninginn alltaf eða oftast mæta þörfum sínum



geta alltaf eða oftast sinnt áhugamálum og gert það sem þau vilja, þegar þau vilja

Getur þú sinnt áhugamálum og gert það sem þú vilt, þegar þú vilt?



➤ Hvað má gera betur, að mati notenda?

Sumir þurfa meiri stuðning og eru að bíða eftir aukningu á samningnum.

Sumir hafa lent í vandræðum vegna veikinda hjá aðstoðarmanneskjum sem ekki er gert nægilega vel ráð fyrir í samningnum að þeirra mati.

Sumir notendur þyrftu stundum að hafa tvær aðstoðarmanneskjur á sama tíma en samningurinn gerir ekki ráð fyrir því.

Niðurstöður benda til að NPA hafi haft mikil jákvæð áhrif á lífsgæði þátttakenda.

Þátttakendur lýstu því að í samanburði við tímann áður en þau fengu NPA geti þeir núna:


- **betur sinnt vinnu og virkni í daglegu lífi**
- **komist ferða sinna með auðveldari hætti**
- **átt betri og eðlilegri tengsl við fjölskyldu og vini**
- **upplifað meiri stjórn á eigin lífi**
- **sumir upplifað betri andlega og líkamlega heilsu**

„En það var allt í einu svo margt sem ég gat allt í einu gert, og ég gerði geðveikt mikið.“

„Þetta opnar á svo mörg tækifæri og sparar manni svo mikla undirbúningsvinnu. Að þurfa ekki að skipuleggja allt frá A-Ö áður en maður fer eitthvað af stað.“

„Ég get náttúrulega farið núna og hitt fjölskylduna mína án þess að vera háður henni þegar ég var í heimsókn hjá þeim.“


Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem þú ert að fá?



„Ahh.. það var bara, vá. Þú veist, það sem breyttist helst var nefnilega að maður fékk svo mikið frelsi.“

„Það bara kviknaði á lífinu mínu eftir það (að fá NPA). Fyrir það þá lifði ég mjög takmarkaðri tilveru. Hafði mjög fá tækifæri fannst mér. En eftir NPA þá gat ég gert það sem mér sýndist. Tekið þátt í samfélaginu með allt öðrum hætti. Þannig í dag með NPA þá upplifi ég mig ekki fatlaðan eins og ég gerði fyrir. Mér finnst ég standa jafnvígur öðrum í samfélaginu.“

Hefur verið auðvelt eða erfitt fyrir þig að sjá um skipulag þjónustunnar?



- Flestir þátttakendur sögðu umsýslu ganga vel og átti það sama við um eigin umsýslu og umsýslu hjá NPA miðstöðinni.
- Allir þátttakendur sögðu verkstjórn ganga vel. Notendur fara ólíkar leiðir við skipulag verkstjórnar og það getur tekið tíma að finna hvað hentar hverjum best.


Aðstoðarfólk

Allir þátttakendur...


... sögðu aðstoðarfólk almennt koma fram við sig af virðingu

... sögðust treysta aðstoðarfólkinu sínu


... töldu auðvelt að biðja aðstoðarfólk um aðstoð þegar þau þurfa



Hefur reynst auðvelt eða erfitt að finna og ráða aðstoðarfólk?




Hvernig hefur gengið að halda aðstoðarfólki?




Aðstoð frá fjölskyldu, vinum eða maka

Hversu mikla eða litla þjónustu þarf fjölskylda, maki eða vinir að veita þér án þess að fá greitt fyrir?





Stuðningur

Telur þú þig hafa fengið nægan stuðning varðandi (praktísk) atriði og vandamál sem hafa komið upp í tengslum við NPA?




Telur þú þig fá nægan stuðning frá ráðgjafa hjá Reykjavíkurborg?



Allir þátttakendur sögðu starfsfólk velferðarsviðs koma fram við sig af virðingu og með vingjarnlegu viðmóti.

Hefur NPA haft áhrif á streitu í lífi þínu?*



*16 af 20 þátttakendum svöruðu spurningunni. 4 þátttakendur gátu ekki svarað spurningunni vegna þess að það var svo langt um liðið síðan þeir fengu NPA eða vegna þess að aðrar breytingar í lífi þeirra hafi átt sér stað á sama tíma og því væri erfitt að meta hvað hafi valdið aukinni eða minni streitu.

Sumir þátttakendur nefndu að það gæti fylgt því álag að vera með NPA en flestir sögðust þó hafa upplifað meiri streitu áður en þeir fengu NPA.

„Já. Að bera ábyrgð á starfsfólki er alveg svolítið álag. En ég tek því alvarlega, mér finnst mikilvægt að fólk njóti góðs af því að vera í kringum mig. Þannig að það er ákveðin pressa í tengslum við það. En aftur pressa sem ég býð mjög velkomna. Mér finnst það algjör forréttindi að geta verið í þessari stöðu.“

„Já. Það kemur alveg svona reglulega. Mér finnst óþægilegt og veit að mörgum finnst það t.d. þegar áramótin koma og það er verið að gera upp samninga.“

Þátttakendur voru spurðir við lok viðtals hvort þeir vildu bæta einhverju við um NPA.

Nokkur svör þátttakenda:


"Mér finnst ég bara vera meira sjálfstæður einstaklingur. Hitt var miklu meira bundið og maður varð að beygja sig eftir þjónustunni. Mér fannst það sérstakt að vera með hitt af því það var ekkert verið að aðstoða einstaklinginn, mér leið frekar eins og ég væri að aðstoða borgina við að hafa þetta eins og þeim hentaði sko. En þetta er miklu meira frelsi og sjálfstæðara líf. Skiptir mig svo rosalega miklu máli að geta verið meira til staðar fyrir börnin mín."

„Bara það að þetta er æðislegt bara. Já og hérna þetta er bara svo mikilvægt að fatlað fólk fái NPA, og geti þar með lifað lífinu. Og að lifa lífinu á sínum forsendum.“

„Já, bara undirstrika hvað þetta er mikilvægt og hvað ég get ekki ímyndað mér tilveruna án þess núna, eftir að hafa upplifað frelsið sem að fylgir þessu. Þannig að já, áfram NPA.“


Getur þú sinnt áhugamálum og gert það sem þú vilt, þegar þú vilt?

Samanburður niðurstaðna kannana




Könnun meðal NPA notenda í Reykjavík

20 þátttakendur




83%

segja stuðninginn alltaf eða oftast mæta þörfum sínum



74%



geta alltaf sinnt áhugamálum og gert það sem þau vilja, þegar þau vilja



68%

hefur reynt auðvelt að finna og ráða aðstoðarfólk

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem þú ert að fá?





Teymi árangurs- og gæðamats
Velferðarsviði
Höfðatorg, Borgartún 12-14
105 Reykjavík